

04.11

PRIDJUDAGUR 9. NÓVEMBER 1993

## Fréttir

DV

Kvennalistinn:

# Stefnir á framboð um allt land í vor

„Við skorum á konur almennt að stuðla að og styðja framboð kvenna hvar sem er á landinu. Við bindum þá áskorun ekki sérstaklega við Kvennalistann þótt við vildum sjá framboð Kvennalistans sem viðast. Það er mikilvægt að konur verði mjög sýnilegar eftir næstu sveitarstjórnakosningar og láti verulega til sin taka því okkur finnst sjónarmið kvenna heyrast allt of lítið,“ sagði Kristín Halldórsdóttir, starfsmaður þingflokkks Kvennalistans og fyrrverandi al-

þingismaður, við DV.

Á landsfundí Kvennalistans, sem haldinn var að Lóngumýri í Skagafirði um síðustu helgi, var samþykkt áskorun til kvenna að stuðla að og styðja framboð kvenna um allt land i komandi sveitarstjórnakosningum. Í kosningunum 1990 var Kvennalistinn með sérstakt framboð i Reykjavík, Kópavogi, á Selfossi og Ísafirði. Að öðrum stöðum voru kvennalistakonur í framboði á sameiginlegum listum.

-hlh